

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1076

Dagsetning: 12. ágúst 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Ingunn Sigurgeirsdóttir (IS), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Erindi frá heilbrigðisráðuneytinu og Alþingi

Heilbrigðisráðuneytið hefur óskað eftir fulltrúum frá HH í vinnu vegna aðgerðaráætlun geðheilbrigðismála. Samþykkt var að ÍDH yrði fulltrúi HH í vinnunni og hún ákveði hvaða starfsmenn HH hún fái með í þá vinnu. Borist hefur fyrirspurn frá heilbrigðisráðuneytinu um mönnun og framleiðni Geðheilsuteymis ADHD. Ákveðið var að ÍDH vinni drög að svarbréfi. Rætt var um svar HH við erindi heilbrigðisráðuneytisins um þekkingarvef Heilsuveru. RÓE upplýsti að ekki hafi borist svar frá ráðuneytinu. Einnig var rætt um fyrirspurn frá Alþingi um upplýsingatækni og ákveðið að HP muni vinna svör við erindinu.

2. Fundir stjórnenda

Rætt var um drög að dagskrá fyrir fundi stjórnenda hjá HH fram að áramótum. Drögin voru samþykkt og verður skrifstofustjóra falið að boða fundina.

3. Starfsemi ÞÍH

Umræður um beiðni heilbrigðisráðuneytisins um að fá kynningu frá stjórnendum HH á starfsemi Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu. Ákveðið var að undirbúa kynninguna á sérstökum fundi síðar.

4. Skjólstæðingar óstaðsettir í hús

Fjallað var um stöðu skjólstæðinga HH sem eru óstaðsettir í hús. Í dag eru þeir allir skráðir á Heilsugæsluna Miðbæ. Rætt var um hvort finna þurfi aðrar leiðir til að skrá þennan hóp á heilsugæslustöð. Ákveðið var að skoða hvaða möguleikar eru í stöðunni með gagnasérfræðingi á skrifstofu HH.

5. Fjármögnun starfseininga

Upplýst var um stöðuna á viðræðum við SÍ um fjármögnun Upplýsingamiðstöðvar HH. Beðið er eftir fundi í heilbrigðisráðuneytinu um málið. Einnig var fjallað um fjármögnun Heilsubrúar. Þá var rætt um fjármögnun heilsugæslu í fangelsinu á Hólmsheiði og ákvað framkvæmdastjórn að taka upp samning við SÍ um veitingu þeirrar þjónustu.

6. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál. Rætt var um skort á læknum á Heilsugæslunni Efra-Breiðholti. Upplýst var að fundað verði með sérnámslæknum um launakjör. Þá var samþykkt að verkefnastjóri á skrifstofu HH komi aftur í 50 prósent starf eftir fjarveru frá og með 15. september. Þá mun leiðtogi ljósmæðra sinna leiðtogastarfi í 50 prósent starfi á mótí 50 prósent starfi í klíník sem hlaupari í mæðravernd hjá heilsugæslustöðvum HH.

7. Starfsdagur framkvæmdastjórnar

Ákveðið var að halda starfsdag framkvæmdastjórnar mánudaginn 15. september og verður mannauðsráðgjafa falið að finna hentugan fundarstað.

8. Húsnæðismál

Rætt var um stöðu húsnæðismála. Auglýst hefur verið eftir húsnæði fyrir Heilsugæsluna Garðabæ, Heilsugæsluna Firði og Heilsugæsluna Miðbæ. Fundað verður með fulltrúum Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna.

Aðgerðir og verkefni

- Vinna þarf svör við erindum frá heilbrigðisráðuneytinu og Alþingi og tilkynna um tilnefningu í vinnu vegna aðgerðaráætlunar geðheilbrigðismála, sjá lið 1.
Ábyrgð: ÍDH og HP
- Fela þarf skrifstofustjóra að boða fundi stjórnenda fram að áramótum, sjá lið 2.
Ábyrgð: RÓE og ÍDH
- Boða þarf fund um ÞÍH, sjá lið 3.
Ábyrgð: RÓE
- Skoða þarf möguleika á skráningum fólks sem ekki er staðsett í hús, sjá lið 4.
Ábyrgð: RÓE
- Funda þarf með heilbrigðisráðuneytinu um fjármögnun Upplýsingamiðstöðvar HH, sjá lið 5.
Ábyrgð: SDM, HP, RÓE
- Ræða þarf við SÍ um upptök samnings um fjármögnun heilsugæslupjónustu í fangelsinu á Hólmsheiði, sjá lið 5.
Ábyrgð: HP
- Bóka þarf fundarsal fyrir vinnudag framkvæmdastjórnar, sjá lið 7.
Ábyrgð: IS
- Funda þarf með fulltrúum Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna, sjá lið 8.
Ábyrgð: HP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:00